



Erindisbréf fyrir umhverfisnefnd Ásahrepps.

1. gr.

Umhverfisnefnd skal starfa skv. erindisbréfi þessu sem hreppsnefnd hefur staðfest. Einnig gilda um störf nefndarinnar sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, stjórnsýslulög nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps nr. 131/2022.

2. gr.

Hreppsnefnd kýs þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í umhverfisnefnd í upphafi hvers kjörtímabils. Hreppsnefnd er heimilt að endurkjósa fulltrúa í nefndina ef þurfa þykir. Hreppsnefnd kýs formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er nefndinni heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist þeim málefnum sem nefndin fjallar um hverju sinni.

3. gr.

Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar í umhverfismálum. Nefndin gerir tillögur til hreppsnefndar um stefnu og markmið í ofangreindum málaflokkum og hefur eftirlit með því að samþykkt markmið hreppsnefndar í þessum málaflokkum nái fram að ganga. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema að nefndinni hafi áður verið falin fullnaðarafgreiðsla einstakra mála í samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

4. gr.

Meðal verkefna nefndarinnar er:

- Að fara með umhverfis- og náttúrverndarmál samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru og að sjá um að framfylgt sé þeim þáttum á því sviði sem er hlutverk hreppsnefndar en ekki annarra að framfylgja.
- Að stuðla eftir megni að fegrun hreppsins og snyrtilegri umgengni og leggja sérstaka áherslu á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga í því sambandi.
- Að stuðla að hverskyns kynningu til íbúa hreppsins, fyrirtækja og stofnana um þau mál sem eru á hennar verksviði.
- Að vinna að umhverfismálum almennt og sinna þeim verkefnum sem hreppsnefnd felur henni.

5. gr.

Nefndin heldur fundi eftir því sem þörf þykir og málefni eru fyrirliggjandi til úrvinnslu. Fundi skal halda eftir þörfum og ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir fulltrúar í nefndinni óska þess. Fundir nefndarinnar skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndinni er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um það, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

6. gr.

Formaður boðar til fundar og undirbýr fundi nefndarinnar. Nefndin skal halda gerðabók. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps nr. 131/2022.

7. gr.

Um hæfi kjörinna fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði 43. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarköp Ásahrepps nr. 131/2022.

8. gr.

Um þagnarskyldu fulltrúa í nefndinni vísast til 19. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Ásahrepps nr. 131/2022.

9. gr.

Þóknun fyrir setu í nefndinni greiðist samkvæmt samþykkt Ásahrepps um kjör fulltrúa í Ásahreppi og greiðslur fyrir nefndarstörf.

Samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps þann 22. janúar 2025